

ÁRSSKÝRSLA 2008



ÁRSSKÝRSLA

 FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR

2008



EFNISYFIRLIT

1.	Ávarp stjórnarformanns	bls. 4
2.	Stjórn og starfsfólk.....	bls. 5
3.	Iðgjöld.....	bls. 6
4.	Lífeyrir.....	bls. 7
5.	Rekstur.....	bls. 9
6.	Lán til sjóðfélaga.....	bls. 10
7.	Þróun fjármálamarkaða.....	bls. 11
8.	Ávöxtun	bls. 14
9.	Tryggingafræðileg staða.....	bls. 15
10.	Fjárfestingarstefna.....	bls. 15
11.	Séreignardeild.....	bls. 16
	Ársreikningur 2008	bls. 18
	Financial statements.....	bls. 42

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Segja má að annað heila starfsár Festu lífeyrissjóðs hafi markast af erfiðleikum á fjármálamörkuðum bæði hérlandis og erlendis. Sérstaklega hafði fall íslensku viðskiptabankanna, seinni hluta sl. árs, mikil áhrif á afkomu sjóðsins auk þess sem fjölmög önnur innlend fyrirtæki áttu í miklum greiðslerfiðleikum sem hafði einnig áhrif á afkomuna. Haldið var áfram þeim hagræðingaraðgerðum sem hafist var handa við árið 2006 í kjölfar sameiningar þeirra tveggja lífeyrissjóða sem mynduðu Festu lífeyrissjóð. Þannig helst rekstarkostnaður sjóðsins sem hlutfall af eignum óbreyttur milli ára, en hafa ber í huga að verðbólga var 16,4% yfir árið. Fjárfestingargjöld lækka milli ára bæði í krónum talið og sem hlutfall af eignum.

Ytri skilyrði voru lífeyrissjóðum ekki hagfeldd á árinu 2008. Árið var fjárhagslega afar óhagstætt lífeyrissjóðum á Íslandi sem og erlendis og þar með talið Festu lífeyrissjóði. Sem dæmi um þær breytingar á fjármálamörkuðum sem urðu á sl. ári, og stjórnendur lífeyrissjóða þurftu að glíma við má nefna gríðarlegt verðfall á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum. Þannig lækkaði Úrvalsvíspitala Kauphallar Íslands um 94,4% á árinu og heimsvíspitala hlutabréfa lækkaði um 40,7% mælt í bandaríkjadollar. Með neyðarlögum sem sett voru í kjölfar bankahruns, var kröfurð kröfuhafa breytt og innlán sett skor hærra en aðrar kröfur. Skuldabréf á stóru bankana þrjá urðu því harla verðlítill, en sum þeirra voru keypt á meðan þessir bankar voru í ríkiseigu.

Þrátt fyrir fall viðskiptabankanna og verðfall á eignum hefur þó náðst að verja meginhluta af eignasafni Festu lífeyrissjóðs. Nafnávöxtun á árinu 2008 var neikvæð um 5,56% sem jafngildir því að hrein raunávöxtun var neikvæð um 18,84%. Hins vegar er hrein raunávöxtun til lengri tíma jákvæð hvort sem litið er til fimm eða tíu ára tímabils.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var í lok árs 2008 tæpir 54,6 milljarðar og lækkaði eignin um rúmlega 0,7 milljarða króna eða um tæplega 1,3%.

Iðgjöld síðasta árs námu rúmlega 3,7 milljörðum króna, miðað við rúmlega 3,5 milljarða árið áður, sem er auknung um 6,9%. Til sjóðsins greiddu samtals 15.612 sjóðfélagar hjá 1.848 launagreiðendum.

Rúmlega 4.800 lífeyrisþegar fengu greiddan lífeyri hjá sjóðnum á sl. ári og fjölgaði þeim um 306 frá fyrra ári. Fjölgunin liggar nánast öll í fjölda ellilífeyrisþega en örorkulífeyrisþegum fækkaði á árinu þrátt fyrir að greiðslur til þeirra hafi hækkað um tæplega 14% á árinu. Skýrist það að mestu leiti af því að lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar. Lifeyrisgreiðslur ársins 2008 voru rúmir 1.5 milljarðar króna og hækkuðu þær um 14,3% frá fyrra ári.

Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins sem miðast við árslok 2008 var neikvæð um 8% eftir að hafa verið jákvæð um 3,2% árið á undan. Samkvæmt samþykktum sjóðsins mega eignir ekki vera meira en 10% lægri en skuldbindingar. Þrátt fyrir að stjórn lífeyrissjóðsins sé því ekki skyld að skerða réttindi við þessar aðstæður er staða sjóðsins sem og annarra lífeyrissjóða erfið, sérílagi þar sem fjármálakreppunni er engu nærrí lokið og þróun á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum hefur verið lífeyrissjóðum óhagstæð það sem af er árinu 2009. Stjórn sjóðsins mun kynna viðeigandi tillögur til að bregðast við þessum aðstæðum á ársfundi sjóðsins.

Stjórnin var eins og ávallt áður samhent í sínum störfum. Formlegir fundir stjórnar á starfstímanum voru 13 en auð þess hafa stjórnarmenn og framkvæmdastjóri reglulegt samband á milli formlegra funda.

Staða Festu lífeyrissjóðs er traust, þrátt fyrir gríðarleg áföll á síðasta ári. Lakari afkoma lífeyrissjóðanna á síðasta ári er vissulega áhyggjuefni en vinna hófst strax í kjölfar bankahrunsins við að endurskoða fjárfestingarstefnu sjóðsins. Þannig hefur vægi ríkisskuldbréfa, skuldbréfa sveitarfélaga og innlána verið aukið verulega. Lifeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og aðalatriðið að sjóðirnir geti staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar til lengri tíma litið.

Kristján Gunnarsson
formaður

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Stjórn sjóðsins er skipuð 6 mönnum. Þrír eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og þrír af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Stjórn ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum samþykkta hans. Stjórn fjallar m.a. um breytingar á samþykktum sjóðsins, mótar fjárfestingastefnu, lánareglur o.fl. Stjórnarmenn Festu lífeyrissjóðs starfsárið 2008 – 2009 voru:

Kristján Gunnarsson	Formaður	fulltrúi stéttarfélags
Bergþór Guðmundsson	Varaformaður	fulltrúi atvinnurekenda
Bergþór Baldvinsson	Meðstjórnandi	fulltrúi atvinnurekenda
Ragna Larsen	Meðstjórnandi	fulltrúi stéttarfélags
Sigrún Helga Einarsdóttir	Meðstjórnandi	fulltrúi atvinnurekenda
Kristján Jóhannsson	Meðstjórnandi	fulltrúi stéttarfélags

Sjóðurinn er með skrifstofur á þrem stöðum. Aðalskrifstofa sjóðsins er í Reykjanesbæ þar sem vinna 6 starfsmenn en auk þess eru skrifstofur á Akranesi þar sem vinna 3 starfsmenn og á Selfossi þar sem vinna 2 starfsmenn. Hjá sjóðnum starfa því alls 11 starfsmenn í 9,7 stöðugildum.


Starfsmenn sjóðsins í árslok 2008 voru:

Nafn:	Starfssvið:
Gylfi Jónasson	Framkvæmdastjóri
Anna Jóna Gísladóttir	Alm.afgreiðsla / iðgjöld
Fjóla Dögg Þorvaldsdóttir	Alm.afgreiðsla / iðgjöld
Guðleif Bergsdóttir	Alm.afgreiðsla / iðgjöld
Guðrún Aðalsteinsdóttir	Alm.afgreiðsla / iðgjöld
Guðrún Lára Ottesen	Alm.afgreiðsla / iðgjöld
Ingibjörg Björnsdóttir	Lífeyrismál / bókhald
Sigfús Rúnar Eysteinsson	Skrifstofustjóri
Sigurlín Högnadóttir	Lífeyrismál / bókhald
Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir	Lífeyrismál / bókhald
Þórarinn Reynisson	Deildarstjóri innheimta / iðgöld



IÐGJÖLD


Á árinu 2008 greiddu launþegar á aldrinum 16 til 70 ára 4% iðgjald af heildaraunum sínum til lífeyrissjóðsins en launagreiðendur greiddu 8% mótfamlag, samtals 12%. Ýmsir kjarasamningar þeirra stéttarfélaga sem aðild eiga að sjóðnum kveða þó á um hærra framlag eða allt að 15,5%. Þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri hættir hann að greiða iðgjald, enda aflar hann sér ekki frekari lífeyrisréttinda eftir þann tíma. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun iðgjalda sl. 5 ár, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á verðlagi í árslok 2008.



Á árinu 2008 námu iðgjaldagreiðslur til sjóðsins um 3.750 milljónum króna samanborið við um 3.500 milljónir króna árið á undan. Um er að ræða 6,9% hækkun milli ára. Alls greiddu 1.848 launagreiðendur iðgið til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.


Aldursskipting sjóðfélaga

Á meðfylgjandi mynd má sjá aldursskiptingu sjóðfélaga með réttindi. Rúmlega 36% sjóðfélaga með réttindi er yngri en 25 ára og rúm 58% eru yngri en 34 ára.



Stærstu iðgjaldagreiðendur

Á árinu 2008 greiddu 1.848 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins af 15.612 sjóðfélögum. Fimtán stærstu launagreiðendurnir stóðu fyrir 29,2% af iðgjöldum til sjóðsins og eru iðgjöld þeirra sýnd í meðfylgjandi mynd. Norðurál er stærsti launagreiðandinn til sjóðsins líkt og undanfarin ár með 5,8% allra iðgjalda og Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli kemur næst með 3,5% allra iðgjalda til sjóðsins.



LÍFEYRIR

Lífeyrisgreiðslur námu alls 1.515 milljónum og hækkuðu um 14,4% milli ára. Fjöldi lífeyrisþega í árslok var 4.830 samanborið við 4.524 árið á undan sem er 6,8% fjölgun milli ára. Ellilífeyrisþegum fjlögaði um 8,5% milli ára en bæði örorkulífeyrisþegum og makalífeyrisþegum fækkaði milli ára. Fjöldi barnalífeyrisþega jókst óverulega eða um 6 milli ára sem er 1,3% fjölgun. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs.

Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum nam 36% á árinu 2008 samanborið við 34,8% árið áður. Á undanförnum árum fór lífeyrisþróði sjóðsins lækkandi sem var í takt við hagsveifluna, þar sem í fullu atvinnustigi fjölgar greiðandi sjóðfélögum ört meðan aukning lífeyrisþega vex hægar. Seinni hluta síðasta árs varð verulegur umsnúnингur í atvinnumálum þjóðarinnar til hins verra. Varð það til þess að greiðandi sjóðfélögum fækkaði þegar líða tók á árið sem aftur leiddi til þess að hlutfall lífeyris af iðgjöldum hækkaði á milli áranna 2007 og 2008. Til lengri tíma má búast við að lífeyrisþróði sjóðsins aukist.

Af einstökum tegundum lífeyris vegur ellilífeyrir hvað þyngst eða 57,9% af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðsins. Hlutfall örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðsins hefur farið lækkandi undanfarin ár og var 33,7% á árinu 2008 samanborið við 33,9% árið á undan.


Fjöldi lífeyrisþega

	2008	2007	Breyting milli ára
Barnalífeyrir	463	457	1,3%
Ellilífeyrir	2.847	2.623	8,5%
Makalífeyrir	606	619	-2,1%
Örorkulífeyrir	1.400	1.431	-2,2%
Samtals:	5.316	5.130	


Lífeyrisgreiðslur (Upphæðir í millj. króna)

	2008	Hlutfall	2007	Hlutfall	Breyting milli ára
Barnalífeyrir	29.202	1,9%	26.754	2,0%	9,2%
Ellilífeyrir	876.561	57,9%	756.558	57,1%	15,9%
Makalífeyrir	98.702	6,5%	92.541	7,0%	6,7%
Örorkulífeyrir	510.491	33,7%	448.900	33,9%	13,7%
Samtals:	1.514.956	100,0%	1.324.753	100,0%	14,4%

Fjöldi lífeyrisþega




Lífeyrisgreiðslur



REKSTUR SJÓÐSINS

Lækkun kostnaðar

Mikil hagræðing í rekstri varð við sameiningu þeirra lífeyrissjóða sem nú mynda Festu lífeyrissjóð. Rekstrarkostnaður sjóðsins skiptist í fjárfestingargjöld sem er kostnaður við ávoxtun sjóðsins og rekstrarkostnað sem er kostnaður við annann rekstur sjóðsins. Tekist hefur að lækka rekstrarkostnað sem og fjárfestingagjöld sem hlutafall af eignum. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun kostnaðar undanfarin 5 ár.




Það er afar mikilvægt fyrir sjóðinn að ná fram slíkri hagræðingu þar sem lægri rekstrarkostnaður hefur jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu. Í meðfylgjandi töflu má sjá þróun fjárfestngargjalda og rekstrarkostnaðar sem hlutfall af eignum sjóðsins. Sjá má að þrátt fyrir miklar verðlagshækkanir á árinu 2008 helst rekstrarkostnaður óbreyttur frá árinu á undan og fjárfestingargjöld lækka milli ára sem hlutfall af eignum.

Ár	Fjárfestingargjöld	Rekstrarkostnaður
2004	0,17%	0,19%
2005	0,15%	0,18%
2006	0,15%	0,15%
2007	0,12%	0,12%
2008	0,11%	0,12%

LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA

Alls voru á árinu 2008 veitt 91 lán til sjóðfélaga sem er fjölgun um 50% m.v. árið á undan. Heildarfjárhæð lána til sjóðfélaga á árinu 2008 var 402.5 millj. kr en var 216.3 millj. kr. árið 2007. Meðalfjárhæð lána var um 4.4 millj. kr. en var 3.5 millj. kr. árið á undan. Algengast er að sjóðfélagar taki lán sem er um 3 milljónir. Í ársbyrjun 2008 bauðst sjóðfélögum að taka lán sín með föstum vöxtum en fram að því höfðu sjóðfélagalán eingöngu boðist með breytilegum vöxtum.



Úrdráttur úr lánareglum, lántökuskilyrði:


Til að sjóðfélagi eigi rétt á láni hjá sjóðnum þarf hann að uppfylla ýmis skilyrði sem eru m.a.: Sjóðfélagi þarf að hafa greitt til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði af síðustu tólf mánuðum og vera greiðandi í sjóðinn. Lán sjóðsins eru verðtryggð fasteignaveðlán. Lánin geta verið annars vegar jafngreiðslulán (annuitet), þ.e. með jöfnum greiðslum út lánstímann, að öðru leiti en því að þær hækka í takt við verðbólgu. Hins vegar er hægt að hafa lánin með jöfnum afborgunum, þ.e. afborgun ávalt sú sama en vaxtagreiðslur hæstar til að byrja með en lækka eftir því sem líður á lánstímann. Hægt er að velja milli fastra vaxta sem eru nú 5,50% eða breytilegra vaxta sem eru nú 5,70%. Fastir vextir eru ákvarðaðir með hliðsjón af markaðsaðstæðum á hverjum tíma en vaxtabreyting hefur þó ekki áhrif á þegar gerða samninga. Breytilegir vextir eru háðir samþykki stjórnar á hverjum tíma og geta breyst fyrirvara laust. Lánin eru verðtryggð m.v. vítolu neysluverðs. Lánsupphæð er ótakmörkuð meðan veðrými leyfir. Lágmarksupphæð er 500.000 kr. Lán er aðeins veitt gegn fasteignaveði og veitt til 5 – 40 ára. Ekki má hvíla meira á eigninni en 65% af fasteignamati eða 60 % af sölumati löggilts fasteignasala. Lífeyrispégars geta átt kost á láni frá sjóðnum, enda hafi þeir haft lánsrétt þegar taka lífeyris hófst.

Á meðfylgjandi töflu má sjá þá skiptingu sem varð í afgreiddum sjóðfélagalánum, annars vegar milli lána með jöfnum afborgunum og jöfnum greiðslum og hins vegar milli lána með föstum vöxtum og breytilegum vöxtum. Flestir lántakendur velja að hafa lán sín með föstum vöxtum og jöfnum greiðslum.

Tegund lána	Upphæðir í millj. króna	Fjöldi lána
Jafnar afborganir	130.750	39
Jafnar greiðslur (annuitet)	271.790	52
Samtals:	402.540	91
Vextir	Upphæðir í millj. króna	Fjöldi lána
Fastir	338.920	76
Breytilegir	63.620	15
Samtals:	402.540	91

ÞRÓUN FJÁRMÁLAMARKAÐA

Árið 2008 einkenndist af nánast stöðugri lækkun innlendra hlutabréfa, sem endaði með algjöru hruni í kjölfar falls stóru bankanna þriggja í byrjun október. Lausafjárkrísa á erlendum fjármálamörkuðum og sá taugatitringur sem henni fylgdi mörkuðu gengisþróun íslenskra hlutabréfa á árinu. Fjármálafyrirtæki, sem vega þungt í Úrvalsvísítölunni, lækkuðu líkt og hlutabréf í öðrum bönkum og fjármálatengdum fyrirtækjum annars staðar í heiminum þegar lausafé var dregið út úr bankakerfinu.



Skuldatryggingaálag íslensku bankanna sem hafði hækkað mikið á síðari hluta árs 2007 hélt áfram að hækka á árinu 2008. Vísitalan, sem í upphafi árs var í 6.318 stigum, endaði árið í 534,4 stigum sem jafngildir 94,4% árslækkun. Ávöxtun ársins var því sú lakasta frá upphafi mælinga. Þar vegur þyngst fall bankanna og lækkun fjárfestingafélaganna en samanlagt vógu þessi fyrirtæki tæplega 91% af vísítölunni.

Sjóðurinn hagaði fjárfestingum sínum í takt við ofangreinda þróun, var nettó seljandi innlendra hlutabréfa á árinu. Hann átti þó enn hlutabréf í bönkunum þremur við fall þeirra.

Gjaldeyrismarkaður


Vísitala gengisskráningar Seðlabanka Íslands (GVT) hækkaði um 80,1% á árinu 2008, sem jafngildir því að krónan hafi veikst um 44%. Vaxtamunurinn við helstu viðskiptalönd hvarf nánast í marsmánuði, en stóru bankarnir þrír áttu þá orðið erfitt með að gegna hlutverki markaðsmiðlara á gjaldeyrismarkaði sökum lausafjárskorts. Eftir mikla veikingu í mars, hélst krónan þó tiltölulega stöðug frá vormánuðum og fram í september, en þá tók hún að veikjast mikið og í aðdraganda falls bankanna má segja að um algjöran markaðsbrest hafi verið að ræða í viðskiptum með krónuna. Í upphafi ársins voru útistandandi krónubréf um 377 ma.kr. að nafnvirði. Mikil hætta var á að þetta fjármagn leitaði út úr landinu í kjölfar bankahrunsins og falls krónunnar. Í lok nóvember hafði gengisvísitalan náð 243 stigum og sett voru ný lög er fólu í sér höft í viðskiptum með gjaldeyri. Í kjölfar þess styrktist krónan nokkuð fram til áramóta og endaði gengisvísitalan í rúnum 216 stigum í árslok.



Festa lífeyrissjóður beytti gjaldmiðlavörnum til að verja erlent eignasafn sitt fyrir styrkingu krónu, en sjóðurinn hafði um árabil nýtt slíkar varnir með góðum árangri. Við þann markaðsbrest sem varð á viðskiptum með krónuna er staða þessara samninga neikvæð. Mótaðilar þessara viðskipta voru stóru bankarnir sem félru í október. Það er afstaða sjóðsins að forsendur hafi brostið við fall þeirra og er það í samræmi við alþjóðlega staðla um afleiðuviðskipti. Endanlegt uppgjör þeirra hefur þó ekki farið fram.

Innlendir skuldabréfamarkaður

Ávöxtunarkrafa íslenskra ríkisskuldabréfa lækkaði mikið á árinu 2008 bæði á verðtryggðum bréfum og óverðtryggðum. Fjárfestar voru að flýja í skjól sökum mikillar verðbólgu, en einnig vegna mikillar markaðsóvissu á hlutabréfa og skuldabréfamörkuðum. Löng verðtryggð ríkisskuldabréf skiliðu því góðri ávöxtun á árinu eða 40,7%, m.v. markaðsávöxtunarkröfu.




Við fjárfestingar sínar horfir sjóðurinn til lengri tíma. Hann jók verulega við skuldabréfaeign sína, sérlagi á síðari hluta ársins. Áhersla var lögð á lengri bréf, sérlagi ríkisskuldabréf og skuldabréf sveitarfélaga. Markmið um meðaltíma skuldabréfasafnsins náðust á árinu.

Erlendir hlutabréfamarkaðir

Síðastliðin ár hefur gætt mikillar áhættusækni á eigna- og fjármálamörkuðum heimsins í kjölfar slaka í peningamálum, nýjar flóknar afurðir eins og skuldabréfavafningsar hafa rutt sér til rúms og fjárfestar hafa ekki fyllilega áttað sig á áhættu undirliggjandi eigna sem nú eru að skila sér neikvætt inn á fjármálamarkaði heimsins.

Einkennandi fyrir árið í heild voru áhyggjur fjárfesta af greiðslufalli undirmálslána, lausafjárkrísa og versnandi ástand á lánsfjármörkuðum. Miklar afskriftir vegna ótryggra lánasafna, hækkandi skuldatryggingaálag fjármálastofnana, efasemdir um gæði eignasafna og óvissa um fjármögnun og fjárhagslegan styrkleika fyrirtækja voru einnig mikið í umræðunni. Raddir sem spá hægari vexti í hagkerfum heimsins urðu háværari og almennt var talað um heimskreppu á síðari hluta ársins.



Heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um 40,7% mælt í Bandaríkjadollar á árinu 2008. Sökum veikingar krónu gagnvart helstu gjaldmiðlum, hækkaði heimsvísitan um 17,6% mælt í krónu. Sjóðurinn hefur lagt áherslu á að auka við svokallaðar sérhæfðar fjárfestingar til að draga úr áhrifum sveiflna í verði hlutabréfa á eignasafnið. Þannig hefur verið aukið við fjárfestingar í framtakssjóðum, vogunarsjóðum, fasteignasjóðum og eignum tegndum verði á hrávörum.


ÁVÖXTUN

Nafnávöxtun á árinu 2008 var -5,6% sem samsvarar -18,7% raunávöxtunar, en verðbólaga mældist 16,4% yfir árið. Raunávöxtun er lakari en undanfarin ár en það skýrist einkum af miklum lækkunum á verðbréfamörkuðum í kjölfar bankahruns á síðari hluta ársins. Við setningu neyðarlaga í kjölfar bankahruns, var kröfuröð breytt þ.a. innlán urðu réttihærri en skuldabréf í bönkunum. Sjóðurinn þurfti því að afskrifa stóran hluta skuldabréfaeignar sinnar á bankana. Í kjölfar bankahrunsins standa allmög fyrirtæki og lánastofnanir höllum fæti og hafa verið færðar varúðarfærslur vegna þessara eigna. Hrein raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dregin frá hreinum fjármunatekjum var -18,8%.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er 1,4%. Á meðfylgjandi töflu má sjá ávöxtun sjóðsins undanfarin fimm ár. Sjá má að ávöxtun hefur verið sveiflukennd en það skýrist fyrst og fremst af verðsveiflum hlutabréfa, en einnig af gengisbreytingum íslensku krónunnar gagnvart helstu myntum. Frá árinu 2004 hefur sjóðurinn varið hluta af erlendu eignasafni sínu gagnvart slíkum sveiflum. Á meðfylgjandi mynd og í meðfylgjandi töflu má sjá þróun meðalávöxtunar s.l. 5 ára.

Ávöxtun samtryggingardeildar

Ár	2004	2005	2006	2007	2008
Hrein raunávöxtun	7,7%	7,5%	11,1%	2,8%	-18,8%
5 ára meðalávöxtun	1,4%	3,4%	6,6%	7,9%	1,4%



TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2008 var unnin af Talnakönnun hf. Úttektin fólst í að reikna annarsvegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin rétt sjóðfélaga og hinsvegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri. Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektarinnar ásamt samanburði við fyrra ár.

Áfallin staða		Heildarstaða			
	2008	2007			
Höfuðstóll	54.414	55.165	Iðgjöld	60.739	55.220
Endurmat	4.386	3.552	Eign + Iðgjöld	118.251	112.715
Fjárfestingakostnaður	-1.288	-1.222	Lífeyrisskuldbinding	126.933	107.707
Eign	57.512	57.495	Kostnaður	1.581	1.512
Lífeyrisskuldbinding	63.961	50.633	Heildarskuldbinding	128.514	109.219
Kostnaður	539	470	Staða	-10.263	3.496
Áfallin skuldbinding	64.501	51.103			
Staða	-6.989	6.392			

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 10.263 milljónir, eða 8,0% af heildarskuldbindingum. Áfallin staða er neikvæð um 6.989 milljónir eða 10,0% af áfallinni skuldbindingu þegar miðað er við höfuðstól með endurmati. Miðað er við lífslíkur samkvæmt reynslu áranna 2001-2005 á Íslandi.

Í ofangreindri úttekt er ekki gert ráð fyrir því að sérstakt framlag til jöfnunar örorkubyrði skv. lögum nr. 177/2006, komi til lækkunar framtíðarskuldbindinga sjóðsins. Nokkrir lífeyrissjóðir hafa tekið tillit til þessa framlags við gerð tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2008. Ef tekið væri tillit til þessa framlags, hefði það áhrif til hækkunar á núvirtum framtíðariðgjöldum sjóðsins sem nemur 2.568 millj. kr. Slík meðferð framlagsins hefði leitt til þess að heildarskuldbindingar væru 6,0% hærri en eignir í stað 8,0% skv. ofangreindri úttekt. Ekki liggur fyrir reglugerð um meðferð þessa framlags.

FJÁRFESTINGARSTEFNA

Markmið um eignasamsetningu

Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði. Sjóðstjórar sjóðsins skulu ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeignar Festu í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflum hér að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

Flokkar verðbréfa

	Stefna	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	2%	0%-15%
Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	40%	20%-70%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	10%	0%-20%
Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	8%	0%-15%
Fasteignatryggð skuldabréf	5%	0%-10%
Hlutabréf	22%	10%-50%
Sérhæfðar fjárfestingar	5%	0%-10%
Önnur verðbréf	8%	5%-25%
Samtals:	100%	

Hlutabréf


	Markmið	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	22%	10%	50%
Innlend hlutabréf	5%	3%	15%
Erlend hlutabréf	17%	7%	35%

SÉREIGNARDEILD

Iðgjöld til séreignardeilda námu alls 20 milljónum á árinu 2008 samanborið við 24.3 milljónir árið á undan. Í séreignardeild geta sjóðfélagar valið milli tveggja sparnaðarleiða. Nafnávöxtun séreignardeilda var 0% á árinu 2008 samanborið við 5,6% árið á undan. Á árinu 2008 greiddu alls 303 sjóðfélagar til séreignardeilda. Í árslok eiga 4.018 sjóðfélagar réttindi í séreignardeild. Hrein eign séreignardeilda til greiðslu lífeyris í árslok 2008 er 149.4 millj. kr. Á meðfylgjandi mynd og í meðfylgjandi töflu má sjá þróun meðalávöxtunar séreignardeilda s.l. 5 ára.

Ávöxtun séreignardeilda

Ár	2004	2005	2006	2007	2008
Hrein raunávöxtun	5,2%	6,6%	8,3%	-0,3%	-14,1%
5 ára meðalávöxtun	1,1%	2,9%	4,9%	5,7%	0,8%





ÁRSREIKNINGAR

 FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR

2008

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Festu lífeyrissjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Festu lífeyrissjóðs fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því alít sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa alít á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heldi.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Ábending

Við viljum vekja athygli á skýringu 21 með ársreikningnum þar sem fram kemur að sjóðurinn hafi gert framvirka gjaldmiðlasamninga við bankana á árinu og ágreiningur sé uppi um á hvaða gengi samningarnir skulu gerðir upp og hvort heimild sé fyrir skuldajöfnun en sjóðurinn á töluverðar kröfur á sömu banka. Samkvæmt stjórnendum sjóðsins telja þeir að forsendur samninganna hafi brostið við fall þeirra og því eru gjaldmiðlasamningarnir færðir í bækur sjóðsins á gengi í byrjun október þegar bankarnir voru teknir yfir af ríkinu. Bankarnir gera hins vegar þær kröfur að samningana skuli gera upp á gjalddagagengi. Ef miðað er við það gengi væri skuldin 4.596 milljónir króna samanborið við 2.503 milljónir króna samkvæmt ársreikningi. Mismunurinn nemur 2.093 milljónum króna. Mikil óvissa ríkir um hver niðurstaða þessa máls verður og því mögulegt að það gæti haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Við viljum vekja athygli á skýringu 14 með ársreikningnum þar sem fjallað er um þær óvenjulegu aðstæður sem hafa nú skapast á fjármálamarkaði og þeirrar almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur fyrtækja landsins. Í ársreikningnum hafa skuldabréf sjóðsins á fyrtæki og lánastofnanir verið færð niður um 5,8 milljarða króna. Vegna ofangreindrar óvissu gæti endanleg niðurstaða um verðmáti eignanna orðið önnur en gert er ráð fyrir í þessu uppgjöri. Reykjanesbær, 18. mars 2009

Deloitte hf.

Björg Sigurðardóttir Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

Björg Sigurðardóttir
endurskoðandi

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar Festu lífeyrissjóðs

Festa lífeyrissjóður varð til við sameiningu Lífeyrissjóðs Suðurlands og Lífeyrissjóðs Vesturlands á miðju ári 2006. Festa lífeyrissjóður tók við eignum og skuldbindingum sjóðanna frá og með 1. janúar 2006. Sjóðurinn rekur skrifstofur á þremur stöðum. Aðalskrifstofa sjóðsins er í Reykjaneshæ en auk þess eru skrifstofur á Akranesi og á Selfossi. Hjá sjóðnum starfa 11 starfsmenn í 9,67 stöðugildum.

Við gerð þessa ársreiknings var í meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og undanfarin ár.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, samtryggingardeild og séreignardeild. Ávoxtun eigna þeirra er að fullu aðskilin.

Á árinu greiddu til samtryggingardeilda sjóðsins samtals 15.612 sjóðfélagar hjá 1.848 atvinnurekendum. Virkir sjóðfélagar, þ.e. þeir sem greiddu í hverjum mánuði, voru 10.017. Iðgjöld námu 3.730 millj. kr. sem er 7,1% hækkan frá fyrra ári. Í árslok eiga 72.817 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeilda samkvæmt reglugerð sjóðsins voru 1.515 millj. kr., en það er 14,4% hækkan frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 4.830, en þeim fjöldaði um 306 frá fyrra ári. Ellilífeyri fengu 2.847, örorkulífeyri 1.400, makalífeyri 606 og barnalífeyri 463.

Til séreignardeilda greiddu á árinu 303 rétthafar hjá 55 launagreiðendum. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild voru 140. Iðgjöld séreignardeilda námu 20 millj. kr., sem er um 17,6% hækkan frá fyrra ári, en þá voru iðgjöldin 24,3 millj. kr. Í árslok eiga 4.018 sjóðfélagar réttindi í séreignardeild.

Lífeyrisgreiðslur séreignadeilda samkvæmt reglugerð sjóðsins voru 507 þús. Lífeyrisþegar voru 5. Ellilífeyri fengu 4 og einn greiðslupagi fékk greiddan makalífeyri.

Á árinu 2008 urðu miklar sviptingar á íslenskum fjármálamaðra. Sökum alþjóðlegrar lánsfjárkreppu varð sífellt erfiðara fyrir innlendar fjármálastofnanir að sinna endursfármögnum. Úrvalsvítsala Kauphallar Íslands lækkaði nokkuð fram á haustið, en með falli þriggja stærstu bankanna má segja að hún hafi hrunið og lækkaði hún um 94,4% yfir árið. Heimsvísitala hlutabréfa lækkaði á árinu 2008 um 40,7% mælt í Bandaríkjadollar, en sökum veikningar íslensku krónunnar hækkaði heimsvísitanum um 17,6% mælt í krónu. Ávoxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldbréfa lækkaði yfir árið, en fjárfestar færðu sig í öruggari fjárfestingar ásamt því að verja sig gegn mikilli verðbólgu sem mældist 16,4% yfir árið. Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldbréf þeirra verðlaus og mikil óvissa er enn um verðmæti annarra skuldbréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Í ársreikningi sjóðsins eru færðar varúðarfærslur þar sem þessi skuldbréf eru afskrifuð að miklu leyti. Í eigu sjóðsins eru einnig hlutabréf, stofnfjárbréf og skuldbréf annarra lánastofnana og fyrirtækja, sem sum hver standa höllum fæti í kjölfar fjármálakreppunnar. Einig hafa verið færðar varúðarfærslur vegna þessara eigna.

Gengi íslensku krónunnar veiktist verulega yfir árið gagnvart helstu myntum, eða sem nemur 44%. Algjör markaðsbrestur varð með viðskipti með krónuna við fall bankanna sem endaði með setningu laga um gjaldeyrishöft í lok nóvember. Við fall bankanna voru í gildi samningar við tvo þeirra sem ætlað var að verja erlenda eignasafn sjóðsins. Um var að ræða sérstaka gjaldeyrisáhættustýringu þessara tveggja banka. Við fall þeirra og uppskiptingu í gamla og nýja banka, var þessi áhættustýring skilin eftir í þeim gömlu, án þess að full geta væri til staðar til að sinna henni. Því ríkir veruleg óvissa um hvort og hvernig gera á upp þá gjaldmiðlavarnarsamninga sem undir þessa áhættustýringu heyrðu. Tap er á flestum þessara samninga og hefur sjóðurinn gert bönkunum tilboð um að samningar verði gerðir upp með ákveðnum hætti í tengslum við uppgjör á kröfum sem hann á á bankana. Nettóstaða samninganna samkvæmt ársreikningi sjóðsins er 2.503 milljónir sem færð er undir liðnum aðrar skuldir í efnahagsreikningi.

Eftir lok reikningsársins eða í byrjun mars 2009, var Straumur – Burðarás fjárfestingarbanci yfirtekin af Fjármálaeftirlitini. Eign sjóðsins í hlutabréfum bankans var óveruleg, en sjóðurinn á nokkur skuldbréf útgefin af bankanum og ríkir mikil óvissa um þau. Þetta mun hafa neikvæð áhrif á fjárhag sjóðsins á árinu 2009.

Skýrsla stjórnar Festu lífeyrissjóðs

Nafnávöxtun samtryggingadeildar var neikvæð um 5,6% á árinu 2008. Sökum mikillar verðbólgu var hrein raunávöxtun á eignum hennar neikvæð um 18,8% á árinu og er meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára 1,4%. Nafnávöxtun séreignardeildar var 0% og hrein raunávöxtun hennar neikvæð um 14,1%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar séreignardeildar síðustu 5 ár er 0,8%.


Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam kr. 54.563 milljónum í árslok. Á árinu lækkaði hún um kr. 732 milljónir eða um 1,3%. Af fjárfestingum sjóðsins voru 25,4% í erlendum gjaldmiðlum og 74,6% í íslenskum krónum. Verðbréf með breytilegum tekjum voru 39,3% fjárfestinga, en verðbréf með föstum tekjum voru 60,7%.

Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur hefur gert tryggingafræðilega úttekt á fjárhagsstöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2008. Samkvæmt henni eru áunnin réttindi sjóðfélaga 6.989 millj. kr. hærri en eignir og heildarskuldbindingar, miðað við 3,5% vexti, 10.263 millj. kr. hærri en eignir. Skuldbindingar umfram eignir í árslok 2008 nema því 8,0%. Við gerð þessarar úttektar var ekki gert ráð fyrir því að sérstakt framlag til jöfnunar örorkubyrði skv. lögum nr. 177/2006, komi til lækkunar framtíðarskuldbindinga sjóðsins. Nokkrir lífeyrissjóðir hafa tekið tillit til þessa framlags við gerð tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2008. Slík meðferð framlagsins hefði leitt til þess að heildarskuldbindingar Festu lífeyrissjóðs hefðu orðið 6,0% hærri en eignir í stað 8,0% eins og áður greinir.

Stjórn Festu lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirskrift sinni.

Reykjanesbær, 18. mars 2009

Stjórn



Kristján Gunnarsson
formaður


Ragna Larsen
meðstjórnandi



Kristján Jóhannsson
meðstjórnandi



Bergþór Guðmundsson
varaformaður



Sigrún Helga Einarsdóttir
meðstjórnandi



Bergþór Baldvinsson
meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri


Gylfi Jónasson

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Iðgjöld	3		
Iðgjöld sjóðfélaga		1.235.239.334	1.152.491.574
Iðgjöld launagreiðenda		2.536.614.011	2.373.512.538
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(21.694.468)	(17.607.758)
		<u>3.750.158.877</u>	<u>3.508.396.354</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	4	1.350.777.468	1.226.082.924
Umsjónarnefnd eftirlauna		(8.442.032)	(9.630.751)
Annar beinn kostnaður vegna örorku		6.482.361	3.668.679
		<u>1.348.817.797</u>	<u>1.220.120.852</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		(4.309.406.116)	782.905.402
Tekjur af fasteign		200.000	312.000
Vaxtatekjur og gengismunur	5	7.055.274.658	3.725.239.800
Breytingar á niðurfærslu eigna	14	(5.753.159.284)	(4.033.974)
		<u>(3.007.090.742)</u>	<u>4.504.423.228</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		54.920.963	52.107.039
Vaxtagjöld		102.241	0
Önnur fjárfestingargjöld		3.737.690	14.900.981
		<u>58.760.894</u>	<u>67.008.020</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		77.418.706	73.452.091
		<u>77.418.706</u>	<u>73.452.091</u>
Aðrar tekjur	26	9.972.309	8.853.360
Hækkun/(lækkun) á hreinni eign á árinu		(731.956.953)	6.661.091.979
Hrein eign frá fyrra ári		55.295.393.730	48.634.301.751
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		54.563.436.777	55.295.393.730

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Eignir			
Fjárfestingar			
Húseignir og lóðir	2,6,7	26.991.357	27.721.349
Hlutdeildarfélög	8	42.668.951	44.786.258
		<u>69.660.308</u>	<u>72.507.607</u>
Aðrar fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2, 9-11	21.834.763.061	27.898.639.189
Verðbréf með föstum tekjum	2,12	31.815.751.780	25.417.423.989
Veðlán	2,13	2.038.785.474	1.060.802.981
Bundin innlán hjá lánastofnunum	2,15	345.772.755	460.007.513
		<u>56.035.073.070</u>	<u>54.836.873.672</u>
Fjárfestingar		<u>56.104.733.378</u>	<u>54.909.381.279</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	18	731.226.402	528.112.131
Aðrar kröfur		145.136.101	37.286.033
Kröfur		<u>876.362.503</u>	<u>565.398.164</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjárm. og aðrar efnisl. eignir	2,6,7	1.619.224	2.306.085
Sjóður og veltuinnlán		<u>108.635.106</u>	<u>84.191.230</u>
Aðrar eignir		<u>110.254.330</u>	<u>86.497.315</u>
Eignir		<u>57.091.350.211</u>	<u>55.561.276.758</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	20	2.527.913.434	265.883.028
		<u>2.527.913.434</u>	<u>265.883.028</u>
Skuldir		<u>2.527.913.434</u>	<u>265.883.028</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>54.563.436.777</u>	<u>55.295.393.730</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2008

	2008	2007
Inngreiðslur		
Iðgjöld	3.577.672.201	3.395.214.468
Fjárfestingartekjur	1.213.230.316	1.772.495.510
Aðrar tekjur	10.137.309	9.608.922
Afborganir verðbréfa	3.974.851.843	3.195.322.640
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	16.992.543.081	16.932.955.355
Seld verðbréf með föstum tekjum	1.953.010.798	234.967.398
Lækkun á bundnum innistæðum	114.234.758	0
Inngreiðslur	<u>27.835.680.306</u>	<u>25.540.564.293</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	1.348.633.532	1.220.241.379
Fjárfestingargjöld	58.760.894	67.008.020
Rekstrarkostnaður án afskrifta	77.910.595	72.000.028
Útgreiðslur	<u>1.485.305.021</u>	<u>1.359.249.427</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annari fjárfestingu	<u>26.350.375.285</u>	<u>24.181.314.866</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	12.055.504.522	18.685.879.558
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	13.197.027.831	5.349.783.810
Ný veðlán og útlán	1.073.399.056	215.660.000
Hækkun á bundnum innistæðum	0	19.513.310
Ráðstöfun alls	<u>26.325.931.409</u>	<u>24.270.836.678</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	24.443.876	(89.521.812)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	<u>84.191.230</u>	<u>173.713.042</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>108.635.106</u>	<u>84.191.230</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Festa Lífeyrissjóður varð til við sameiningu Lífeyrissjóðs Suðurlands og Lífeyrissjóðs Vesturlands. Sameiningin tók gildi þann 1. janúar 2006.

Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs, en að auki rekur hann séreignardeild.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna ellri til æviloða, örorku eða andláts skv. nánari ákvæðum laganna. Skylduaðild er að lífeyrissjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Stéttarfélögum sem aðild eiga að þessum sjóði eru Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Íðnsveinafélag Suðurnesja, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verslunarmannafélag Suðurnesja, Verkalýðsfélagið Bárðan, Verkalýðsfélagið Bodðinn, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar, Verkalýðsfélag Stykkishólms, Verkalýðsfélagið Stjarnan og Stéttarfélag Vesturlands. Launþegum þessara félaga ber að greiða 4% af heildarlaunum sínum til þessa sjóðs á móti 8% framlagi atvinnureknda eða samtals 12% sem kallast lágmarskiðgjöld og skulu þau renna til sjóðsins. Öðrum launamönnum sem ekki er skylt að greiða lágmarskiðgjöld til annars lífeyrissjóðs er einnig heimilt að greiða iðgjöld til Festu lífeyrissjóðs.

Séreignardeild Festu Lífeyrissjóðs tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í samtryggingardeild lífeyrissjóðsins, ásamt öðrum sem þess óska, er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignardeild. Séreignardeildin býður upp á tvær ávöxtunarleiðir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 62-70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyrí úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er að hluta til háð aldri. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrisréttindi í séreignardeild miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að leyfa töku séreignarsparnaðar þegar rétthafi er orðinn 60 ára.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Verðbréfacing sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán, önnur útlán og aðrar fjárfestingar. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskríteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Afleiðutengd skuldabréf eru færð til eignar á markaðsverði.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga og önnur útlán sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra. Önnur veðlán eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Bundin innlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra.

Aðrar fjárfestingar eru fullnustueignir sem metnar eru á kaupverði.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Iðgjöld

	2008	2007
Iðgjöld samtryggingardeildar greinast þannig:		
Iðgjöld ársins.....	3.746.150.614	3.501.500.036
Réttindaflutningur nettó.....	(9.840.020)	(9.800.474)
Endurgreidd iðgjöld.....	<u>(6.145.753)</u>	<u>(7.567.228)</u>
	<u>3.730.164.841</u>	<u>3.484.132.334</u>
Iðgjöld séreignardeildar greinast þannig:		
Iðgjöld ársins.....	25.702.731	24.504.076
Réttindaflutningur - nettó.....	<u>(5.708.695)</u>	<u>(240.056)</u>
	<u>19.994.036</u>	<u>24.264.020</u>
Iðgjöld samtryggingar- og séreignardeilda samtals.....	<u>3.750.158.877</u>	<u>3.508.396.354</u>

Lífeyrir

4. Lífeyrir samtryggingardeildar greimist þannig:

	Eftirlaun skv. samþykktum sjóðsins	Eftirlaun samkvæmt lögum	Samtals 2008	Samtals 2007
Ellilífeyrir	874.008.612	2.552.850	876.561.462	756.557.585
Örorkulífeyrir	510.490.918	0	510.490.918	448.900.654
Makalífeyrir	92.811.736	5.890.182	98.701.918	92.540.879
Barnalífeyrir	<u>29.202.121</u>	<u>0</u>	<u>29.202.121</u>	<u>26.753.965</u>
	<u>1.506.513.387</u>	<u>8.443.032</u>	<u>1.514.956.419</u>	<u>1.324.753.083</u>

Lífeyrir séreignardeildar greinist þannig:

Ellilífeyrir	338.024	315.639
Örorkulífeyrir	0	754.591
Makalífeyrir	<u>169.233</u>	<u>0</u>
	<u>507.257</u>	<u>1.070.230</u>
